

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd

Ísafirði 6. júní 2015

Varðar : Áætlun um meðferð og ráðstöfun aflamagns sem dregið er frá heildarafla – þingsályktunartillaga, 775. mál á 144. löggjafabingi 2014-2015.

Fyrir Alþingi liggur þingsályktunartillaga um meðferð og rástöfun aflamagns sem dregið er frá heildarafla. Í henni er lagt til að aflaheimildir til áframeldis á þorski falli niður og er tillagan rökstudd með því að horfur í eldi á þorski séu slæmar.

Undirritaðir, fyrir hönd Sjávareldis ehf og annarra hagsmunaaðila, mótmæla tillögunni harðlega. Um leið er vakin athygli á því að atvinnuveganefnd Alþingis virðist hafa fengið rangar eða mjög litlar upplýsingar um þá atvinnuhagsmuni sem hér eru í húfi. Í erindi þessu verður gerð nánari grein fyrir stöðu mála hjá fyrirtæki sem hefur byggt alla sína starfsemi á gildandi lögum um þorskeldiskvóta.

Fyrir liggur að áframeldiskvóti á þorski, sem hefur verið við lýði frá fiskveiðiárinu 2002/2003 eða í tólf ár hefur skilað miklum verðmætum í þjóðarbúið, ekki einungis í formi virðisauka sjávarafra heldur einnig til mennta og rannsókna, ekki síst á Vestfjörðum. Mikilvægar vísindarannsóknir á hegðun og líffræði þorsks í eldi hafa verið gerðar í samstarfi við þorskeldisfyrirtækin í tengslum við stórar alþjóðlegar rannsóknir sem munu verða bæði fiskveiðum og fiskeldi að miklu gagni. Árlega í tólf ár hafa fyrirtækin í þorskeldi skilað vönduðum og ítarlegum skýrslum til Hafrannsóknastofnunar sem úthlutanir næsta árs hafa verið grundvallaðar á. Þar koma m.a. fram nákvæmar upplýsingar um stærð fisksins og vöxt hans.

Grunnurinn að sjókvíaeldi á Íslandi var lagður með þorskeldinu. Þar fengu sjómenn og aðrir starfsmenn þjálfun og reynslu af meðferð sjókvía og lifandi fisks auk þekkingar og reynslu á staðsetningu þeirra miðað við aðstæður á Íslandi.

Eðli málsins samkvæmt hefur gengið upp og ofan að veiða lifandi þorsk á þessu tímabili. Það helgast fyrst og fremst af þorskengd á grunnslóð, þar sem eingöngu er hægt að ná lifandi þorski í grunnu vatni. Þetta sveiflast á milli ára og voru síðustu tvö ár erfið en mun betur gengur nú um stundir. Fyrirtæki í þorskeldi telja að tímabundnar sveiflur eigi ekki að ráða þegar stórar stjórnsvaldsákvæðanir eru teknar.

Markaðsmál fyrir eldisþorsk hafa verið mjög góð. Bæði er að fiskurinn þykir að ýmsu leyti betri til vinnslu og matreiðslu en villtur fiskur, sem og að hluti markaðarins vill eingöngu eldisþorsk, sé hann í

boði, og greiðir hátt verð fyrir. Eldisþorskurinn hefur einnig reynst mörgum ferskfiskvinnslum vel þegar engan annan fisk hefur verið að fá eftir brætur og standa þarf við gerða sölusamninga.

Þorskurinn er fóðraður á frosnum uppsjávarfiski af ýmsum tegundum sem fellur til í frystigeymslum en það getur skapað jafnt vandræði sem kostnað að farga slíku. Einnig hefur fengist gefins tilfallandi afbeita sem erfitt getur reynst að farga og endar oft í höfninni.

Það er rétt að stærri fyrirtækin hafa dregið í land í áframeldi á þorski. Hinsvegar halda kynbætur á þorski áfram og er hann alinn í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi. Þetta er langhlaup líkt og þekkist í öllu eldi. Norðmenn eru á hraðri siglingu í þorskeldi, þvert á það sem komið hefur fram í fréttum hér á landi að undanfögnu.

Nokkrir kvótalitlir bátar hafa veitt í eldið þegar önnur verkefni hefur skort. Í dag eru tvö fyrirtæki starfandi sem eiga allt undir því að þorskeldiskvótinn verði áfram við lýði; annað er Sjávareldi ehf á Ísafirði og hitt er Þorskeldi ehf á Djúpavogi. Tvö önnur fyrirtæki á Vestfjörðum hyggja á auknar veiðar af þessum toga. Öll hafa fyrirtækin fjárfest verulega í búnaði og bátum sem ekki nýtist til annars. Þess utan munu allmörg störf tapast hjá þessum fyrirtækjum sem starfa á afar viðkvæmum atvinnusvæðum. Það væri skammsýni að slá þessa atvinnugrein af með einu pennastriki og varla gott fordæmi að ríkisvaldið gangi þannig frá fyrirtækjum í fullum rekstri.

Til að bregðast við framansögðu, en að sama skapi að taka mið af breyttum aðstæðum í þorskeldi, leggjum við til að horfið verði frá fyrirhuguðum breytingum um meðferð aflamagns sem dregið er frá heildarafla og þess í stað gerð sú breyting að minnka þorskeldiskvótann um helming þannig að 250 tonnum verði úthlutað árlega.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd Sjávareldis ehf.

Davíð Björn Kjartansson
stjórnarformaður
862-6840
sjavareldi@sjavareldi.is